



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1119
komudagur 21.2.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2012

1202004SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. til laga um menningarminjar, 316. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 2. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Frumvarpið var áður lagt fram á 139. löggjafarþingi, 651. mál, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Umsögn sambandsins um það frumvarp er dagsett 9. maí 2011. Það frumvarp sem nú liggur fyrir er ekki alveg samhljóða fyrrnefndu frumvarpi og hefur verið tekið tillit til ýmissa ábendinga frá umsagnaraðilum, þ.á m. Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einstökum sveitarfélögum.

Afstaða til breytinga á frumvarpinu

Í umsögn sambandsins á síðasta löggjafarþingi voru ekki gerðar alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og var það álit sambandsins að frumvarpið hefði hvorki veruleg kostnaðaráhrif á sveitarfélögin né væri það líklegt til að valda þeim nýjum íþyngjandi skyldum. Allmargar ábendingar komu þó fram í umsögninni um efni og orðalag frumvarpsins.

Allmargar af ábendingum sambandsins hafa verið teknar til greina í fyrirbyggjandi frumvarpstexta og má einkum nefna eftirfarandi:

Fornleifaskráning, sbr. 16. gr.:

Í 16. gr. er skýrt tekið fram að ríkissjóður skuli bera kostnað af fornleifaskráningu innan þjóðlendna nema um annað sé samið. Þessi regla er rökrétt þar sem þjóðlendir eru lögum samkvæmt undanþegnar öllum sköttum og gjöldum til sveitarfélaga.

Orðalag 16. gr. hefur einnig verið lagfært í samræmi við ábendingar sambandsins, en nokkurs misskilnings virtist gæta í fyrri drögum um að fornleifaskráning þyrfti að fara fram við gerð svæðisskipulagsáætlana. Einnig er til bóta að komin er inn í 16. gr. heimild til Minjastofnunar Íslands að veita undanþágu fyrir framkvæmdum þótt fornleifaskráning hafi ekki farið fram.

Af hálfu sambandsins hefur verið bent á þann möguleika að lögfesta heimild til þess að Skipulagssjóður taki þátt í kostnaði sveitarfélaga við fornleifaskráningu við gerð aðalskipulagsáætlana. Þessi kostnaður hefur í sumum tilvikum verið mjög hár og telur sambandið það vera réttlætismál að sveitarfélögin geti fengið hluta hans endurgreiddan. Í því sambandi skal bent



á að fjárhagsstaða Skipulagssjóðs er mjög sterk og gæti sjóðurinn auðveldlega axlað þetta hlutverk þótt að sjálfsgöðu yrði að tryggja sjóðnum auknar fjárheimildir til útgreiðsna úr sjóðnum.

Skyndifriðun, sbr. 20. gr.:

Sambandið er sammála orðalagsbreytingu í 2. mgr. 20. gr. Að öðru leyti vísar sambandið til sjónarmiða á bls. 2 í umsögn sinni frá 9. maí 2011, um að hin nýja Minjastofnun Íslands þurfi að gæta þess að láta sem fyrst í skipulagsferlinu uppi skýra afstöðu sína til verndargildis einstakra húsa og mannvirkja. Því ætti ekki að þurfa að koma til þess nema í algerum undantekningartilvikum að ákvörðun um skyndifriðun sé ekki tekin fyrr en kemur að því að veita leyfi til niðurrifs enda verður að gera ráð fyrir því að friðlýsingarferli hefjist iðulega áður en slíkar aðgerðir koma til skoðunar.

Húsafriðun, sbr. VII. kafli:

Sambandið er sammála orðalagsbreytingum í 30. og 32. gr.

Aðrar athugasemdir við frumvarpið

Dagsektir, sbr. 55. gr.:

Sambandið ítrekar athugasemd sem fram kemur í fyrri umsögn um að skýra þurfi betur hvort dagseктаheimild Minjastofnunar Íslands skv. 55. gr. beinist aðeins að framkvæmdaraðilum, þ.e. einstaklingum og lögaðilum sem fara ekki að ákvæðum laganna, eða hvort ákvæðið geti einnig beinst að sveitarfélögum. Í því sambandi skal bent á að sveitarfélögin eru stjórnvöld sem þurfa að framkvæma ýmsa skráningu og senda tilkynningar á grundvelli laganna, sbr. a-lið 1. mgr. 55. gr. Til að skýra ákvæðið frekar mætti hugsa sér að í stað orðsins „þann“ í 1. mgr. komi: „framkvæmdaraðila“.

Sambandið telur það á engan hátt ásættanlegt að lagatextinn sé óskýr um slík atriði og bendir á að sveitarfélögin geti átt yfir höfði sér allt að 300.000 kr. dagsektir þótt einhver dráttur verði á að skila upplýsingum til minjastofnunar. Er lögð á það þung áherslu að greinin verði skýrð frekar um þetta atriði, en samkvæmt munnlegum skýringum sem sambandið aflaði á sínum tíma frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu kom fram að ekki væri ætlunin að ákvæðinu yrði beitt gagnvart sveitarfélögum.

Reglugerðarheimild, sbr. 57. gr.

Ítrekuð er ábending um að taka ætti fram í greininni að ráðherra beri að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga ef ákveðið verður að setja reglugerðir um fornleifaskráningu og húsafriðun. Ástæðan er augljós, sveitarfélögin fara með framkvæmd skipulagsmála og er mikilvægt að gætt verði fyllsta samræmis við löggjöf og framkvæmd á því sviði við frekari útfærslu í reglugerðum.

Kostnaðarmat gagnvart sveitarfélögum:

Sambandið ítrekar fyrri gagnrýni á að ekki skuli hafa fylgt með frumvarpinu umsögn umhverfisráðuneytisins um kostnaðaráhrif þess fyrir sveitarfélögin enda er ljóst að hér er um að ræða lagasetningu sem snertir sveitarfélögin verulega. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi í nóvember og því er um að



ræða brot á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 30. desember 2005 um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum. Eins og Alþingi er kunnugt var efni samkomulagsins gert að lagaskyldu frá 1. janúar 2012, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sambandið væntir þess að Alþingi muni líta það mjög alvarlegum augum ef ráðuneyti fara á svig við þessa nýju lagaskyldu og að frumvörp verði einfaldlega ekki tekin til umræðu á Alþingi ef misbrestur verður á framkvæmd ráðuneyta hvað þetta atriði varðar.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs